

6
13. apríl

OPIÐ BRÉF**um****að Alþingi, sem nú er, sé rofið.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að forsætisráðherra af hálfu ráðuneytis Vars þegnlega hefir borið upp fyrir Oss tillögu um að rjúfa Alþingi það, sem nú er, og þar sem Vér höfum í dag allramildilegast fallizt á tillögu þessa, þá bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi það, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gjört á Christiansborg, 13. apríl 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.